

6. gr.

Niðurstöður einstakra eftirlitsaðgerða skulu liggja fyrir skriflega og þær niðurstöður og vinnugögn í því sambandi skulu varðveitt með skipulegum hætti.

Ábendingum um úrbætur á skipulagi og rekstri lífeyrissjóðs og veikleika í innra eftirliti skal án tafar koma skriflega á framfæri við stjórn og framkvæmdastjóra lífeyrissjóðs eða rekstraraðila.

Að lágmarki einu sinni á ári skal endurskoðunardeild eða eftirlitsaðili gera stjórn lífeyrissjóðs eða rekstraraðila skriflega grein fyrir meginniðurstöðum aðgerða á sviði innra eftirlits og hvort ábendingum um úrbætur hefur verið hrundið í framkvæmd.

7. gr.

Reglur þessar eru settar með tilvísun til 2. mgr. 35. gr. laga nr. 129/1997 um skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 7. september 1998.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísleifur Gunnarsson.

Ragnar Hafliðason.

GJALDSKRÁ

vegna kostnaðar við gerð bindandi álit á skattamálum.

1. gr.

Til að mæta þeim kostnaði sem ríkisskattstjóri hefur af gerð bindandi álit á skattamálum skal hver sá sem óskar eftir álit greiða gjald eftir því sem kveðið er á um í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Þegar beiðni um bindandi álit er lögð fram skal greiða grunngjald kr. 10.000. Greiða skal viðbótargjald samkvæmt neðangreindri gjaldskrá.

9-12 stundir	kr. 5.000	25-28 stundir	kr. 25.000
13-16 stundir	kr. 10.000	29-32 stundir	kr. 30.000
17-20 stundir	kr. 15.000	33-36 stundir	kr. 35.000
21-24 stundir	kr. 20.000	37 eða fleiri	kr. 40.000

3. gr.

Heimilt er ríkisskattstjóra að endurgreiða grunngjald ef álitsbeiðandi dregur beiðni sína um bindandi álit til baka áður en ríkisskattstjóri byrjar að vinna að álitinu.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er með heimild í 7. gr. laga um bindandi álit í skattamálum nr. 91/1998, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 7. september 1998.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Ragnheiður Snorradóttir.